

SKÓLAREGLUR



VINÁTTA • VIRÐING • VELGENGNI

OKKAR HLUTVERK ER AÐ:



Sýna hvert öðru kurteisi, tillitsemi og virðingu og koma vel fram í samskiptum við aðra.

Leggja okkur fram við nám og störf, mæta á réttum tíma í skólann og vera á skólalóðinni á skólatíma.

Koma með heilsusamlegt nesti í skólann og tileinka okkur heilsusamlegt líferni.

VIÐ EIGUM ALDREI AÐ:



Reykja og/eða neyta hvers kyns vímuefna í skólanum, á skólalóðinni, í ferðum eða á skemmtunum á vegum skólans.

Beita ofbeldi eða leggja í einelti.

HVAÐ GERIST EF SKÓLAREGLUR ERU BROTNAR?

Við brot á skólareglum ræðir viðkomandi starfsmaður eða umsjónarkennari við nemandann um brotið.

Kennari hefur samband við foreldra, lætur umsjónarkennara vita og skráir í Mentor.

Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal.

Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra í viðtal með skólastjórnanda.

Við alvarleg og ítrekuð brot getur nemanda verið vísað úr skóla á meðan mál hans er í vinnslu.

Sbr. 4 mgr. 14 gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og 4 mgr. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 104/0/2011



GRUNNSKÓLINN
Í ÞORLÁKSHÖFN

ALMENNAR REGLUR

- Nemendur fara úr útiskóm í skólanum og geyma í hillum í forstofu.
- Nemendur fara út í frímínútur og klæða sig eftir veðri.
- Útivera er frjálst val í 8. – 10. bekk.
- Nemendum er heimilt að koma á hjólum, hlaupahjólum eða hjólabrettum í skólann. Tækin eiga að vera í hjólagrindum fyrir utan skólann. Ef nemendur vilja hjóla á skólatíma er það heimilt á ákveðnu svæði við skólann. Skólinn tekur ekki ábyrgð á hjólum eða öðrum tækjum og eru nemendur hvattir til að læsa hjólum sínum. Einnig er minnt á að samkvæmt lögum eiga börn undir 16 ára aldri að nota reiðhjól hjálma.
- Vél- eða rafknúin farartæki eru ekki leyfleg á skólalóðinni á starfstíma skólans eða opnunartíma Frístundar. Þó er heimilt að koma á þeim í skólann og leggja þeim á ákveðið tilgreint svæði.
- Snjókast er aðeins heimilt á afmörkuðu svæði við skólann. Aldrei má kasta í átt að skólanum eða í þá sem ekki eru þátttakendur í snjócasti.
- Nemendur fara í biðröð við matsal og fara eftir þeim reglum sem þar hafa verið settar varðandi hegðun, umgengni og annað.
- Ef nemendur eru keyrðir í skólann skulu foreldrar stöðva bifreið sína í rennum við Egilsbraut eða við Íþróttamiðstöð en ekki á bílastæði starfsmanna. Það getur skapað hættu.
- Við göngum rólega um á göngum skólans.
- Skólinn er hnetu og möndlulaus

REGLUR UM SÍMA- OG SNJALLTÆKJANOTKUN Í SKÓLANUM

- Nemendur eru ekki með síma eða símaúr á skólatíma.
- Ef nemendur þurfa að koma með síma á að vera slökkt á honum og hann geymdur í skólatösku eða í læstu boxi hjá skólaritara.
- Símar og önnur snjalltæki eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna.
- Æskilegt er að nemendur hafi símana heima.

HVAÐ GERIST EF REGLURNAR ERU BROTNAR?

Sé reglum um síma ekki fylgt fær nemandi áminningu/samtal og tækifæri til að setja símann á viðeigandi stað.

Ef nemandi gengur ekki frá símanum er því fylgt eftir til foreldra með samtali og/eða dagbókarfærslu

Við endurtekið brot er nemandi boðið að velja á milli þess að:

- a) Afhenda símann sem verður geymdur á skrifstofu skólastjórnanda til loka skóladags nemandi.
- b) Fara á skrifstofu skólastjórnanda og biðja þar um foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

Við ítrekuð brot á reglunum er boðið til fundar með nemandi og foreldrum



GRUNNSKÓLINN
Í ÞORLÁKSHÖFN